

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hvítárbyggð, L238531, Hjálmholti, frístundabyggð F22.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps eftir auglýsingu, alls er um 60 ha svæði að ræða. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu innan hvernar lóðar innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júní 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. júlí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 4. júlí 2025